

EFTIRLITSSKÝRSLA

Dagsetning	9. júní 2011	Fulltrúi UST	Gísli Jónsson
Fyrirtæki	Silfurstjarnan		Hildur Vésteinsdóttir
Heimilisfang	Núpsmýri, 671 Kópaskeri	Starfsleyfi, gildir til	1.07.2017
Kennitala	610788-1579	Tegund eftirlits	Reglubundið
Isat nr.	05.02.2	Fulltrúar fyrirtækis	Benedikt Kristjánsson
Starfsemi	Fiskeldi, 1.600 tonn /ári	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá ákvæðum í starfsleyfi komu fram við eftirlit.

Gerðar eru þrjár athugasemdir í kjölfar eftirlits. Fyrsta athugasemdin fjallar um hreinsun frárennslis og svar Silfurstjörnunnar við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætum í frárennslis málum stöðvarinnar. Önnur athugasemdin fjallar um vöktunarmælingar og sú þriðja um frárennslis frá sveltitönkum stöðvarinnar.

UMFANG EFTIRLITS

Athugun á frárennslis, m.a. athugað hvort áhrifa gæti við útrásarop og ástand setþróar.

Farið yfir meðhöndlun úrgangs dauðfiski og sláturúrgangi með fulltrúa rekstraraðila

Farið yfir mælingar sem voru gerðar sbr. grein 3.3 í starfsleyfi

Farið yfir grænt bókhald fyrir árið 2010

FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik:

Engin frávik frá starfsleyfi greindust í eftirliti

Athugasemdir:

Í kjölfar eftirlits gerir Umhverfisstofnun þrjár athugasemdir:

Athugasemd 1:

Settjörn hefur ekki verið tæmd sbr. grein 2.6 í starfsleyfi. Gerðar voru kröfur um áætlun um úrbætur sem skila átti 1. mars sl. Silfurstjarnan svaraði þessum kröfum í bréfi dagsett 6. apríl með því að biðja um frest til tveggja ára. Tilgangur með frestinum er að vakta viðtakann og kanna áhrif losunar á hann og í kjölfarið ræða hvort flokkun og skilyrði starfsleyfis Silfurstjörnunnar séu óþarflega íþyngjandi vegna aðstæðna á svæðinu. Umhverfisstofnun er með erindi Silfurstjörnunnar til meðferðar.

Athugasemd 2:

Vöktunarmælingar, sbr. grein 3.3 í starfsleyfi bárust Umhverfisstofnun í byrjun maí sl. Með mælingunum vantaði meiri gögn til þess að reiknað út hvort losun sé innan marka sbr. grein 2.4 í starfsleyfi. Eins og kom fram í leiðbeiningum sem sendar voru á fyrirtækið 1. apríl sl. þá þurfa að fylgja með upplýsingar um rennsli, lífmassaaukningu og fóðrun þann dag sem mælingin var gerð. Þessar viðbótarupplýsingar bárust 24. júní sl.

Athugasemd 3:

Skoðað var frárennsli frá sveltitönkum stöðvarinnar. Vatnið frá sveltitönkum er endurnýtt með því að dæla því aftur í sveltitankana úr brunni nálægt þeim. Engu að síður rennur hluti af vatninu í gegnum yfirfall út í Núpsvatn án hreinsunar eða viðkomu í settjörnninni. Ekki er gert ráð fyrir að mikið sé af lífrænum efnum í þessu frárennsli þar sem fiskurinn er ekki fóðraður í sveltitönkunum. Frárennslið rann í smá tjörn áður en það rann út í Núpsvatn og það vakti athygli eftirlitsmanns að mikið var um þörungagróður í tjörninni, en fulltrúi rekstraraðila taldi líklegt að það kæmi vegna hitastigsins á frárennslinu. Skoða þarf allt frárennsli stöðvarinnar heildstætt og telur Umhverfisstofnun eðlilegt að fjallað verði um frárennsli frá sveltitönkum þegar kemur að úrbótum á hreinsun frárennslis frá stöðinni.

Reykjavík, 15/11/2011

Gísli Jónsson

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.